

Kópavogi 1. júlí 2019.

Ágætu foreldrar og nemendur Lindaskóla.

Eins og ykkur er kunnugt var starf við skólann metið nýlega með ytra mati. Matið unnu matsmenn á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er fyrst og fremst til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Matið er til að tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.

Í upphafi skýrslu sem skólinn hefur fengið eru settar fram helstu niðurstöður sem „punktar“ um styrkleika í þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru og einnig hvar væru tækifæri til umbóta.

Stjórnun

Styrkleikar

- Stefna skólans er sýnileg í starfsháttum og er rædd meðal starfsmanna.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali, framkomu og öllum fréttáflutningi frá skóla og sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu.
- Stjórnandi dreifir ábyrgð og gefur starfshópum skýr skilaboð um umboð og ábyrgð og starfsfólki finnst það njóta trausts við að leiða þau verkefni sem því er falið.
- Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun meðal starfsmanna.
- Stjórnendur fylgjast með námi og kennslu og eru mjög sýnilegir.
- Stjórnendur skólans hafa miklar væntingar til náms nemenda og hvetja kennara til að þróa kennsluhætti og þeir hafa forystu um að starfsmenn kynni sér nýja þekkingu.
- Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, bæði formleg og óformleg og beinast samskipti við foreldra að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum.
- Foreldrafélag skólans er virkt og lítið er foreldra sem mikilvægan hlekk í starfi skólans.
- Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda farsæl.
- Starfsmönnum og öllum verktökum sem að skólastarfinu koma eru kynnt lög um persónuvernd og trúnað og undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.
- Í Skólapúlsi kemur fram að starfsánægja og starfsandi innan skólans er umtalsvert meiri en gerist hjá öðrum skólum sem taka þátt.
- Stjórnendur hafa útbúið greinagóðan gátlista um mat á kennslu og námsumhverfi innan skólans sem þeir nýta.
- Heilsuefling nemenda er sýnileg í skólanum og mikið lagt upp úr hreyfingu og góðri líkamlegri og andlegri vitund nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Útbúa og birta starfsáætlanir skólaráðs, nemendafélags og foreldrafélags á heimasíðu.
- Gæta þess að allir hagsmunaaðilar skólans komi að endurskoðun skólastefnu og stefnumótun í skólastarfinu.

- Fylgja því eftir að skólaráð setji sér starfsáætlun og haldi árlega opinn fund fyrir skólasamfélagið.
- Veita endurgjöf á kennslu.
- Gæta þess að heimasíða sé uppfærð og fjarlægja eldra efni, s.s. eldri námsvísa sem enn eru í Handbók á heimasíðu.
- Gera stefnu skólans sýnilegri á heimasíðu.
- Gæta þess að hagsmunaaðilar skólasamfélagsins komið að endurskoðun skólareglna.
- Setja fram sýnilega heilsustefnu fyrir starfsmenn skólans og framfylgja henni.
- Efla upplýsingagjöf til foreldra um nám og kennslu og leita eftir hugmyndum og tillögum foreldra um skólastarfið.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Metnaður gagnvart námi einkennir skólastarfið að mati allra viðmælenda.
- Stefna skólans um velgengi í skólastarfi, faglega færni og metnað birtist í vettvangsathugunum.
- Jákvæð samskipti og virðing einkenna skólabraginn.
- Nemendur skólans sýna mjög góðan árangur á samræmdum könnunarprófum og lesfímimælingum.
- Stuðningur við nemendur tekur til margvíslegra þátta.
- Stefna skólans og fjölbreyttir kennsluhættir sáust í vettvangsathugunum.
- Nemendur bera traust til kennara.
- Áherslur skólans um hreysti endurspeglast m.a. í góðum árangri í Skólahreysti.
- Kennarar vinna með niðurstöður námsmats til að efla framfarir nemenda.
- Áhersla er lögð á að efla læsi með ýmsum hætti í starfi skólans.
- Nemendur nýta upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt til náms.
- Kennarar og stjórnendur eru ánægðir með samvinnu í teymum við skipulag og kennslu.
- Fjölbreytt samþætting er í styttri námslotum.
- Nemendur nýta námsumhverfið á fjölbreyttan hátt.

Tækifæri til umbóta

- Gera betur grein fyrir tengslum grunnþátta menntunar við nám í námsvísu og áætlunum um kennslu.
- Skipuleggja og skrá þarf hvernig vinna eigi með lykilhæfni nemenda.
- Gefa nemendum á unglingsstigi kost á vali í námi í um fimmtungi námstímans.
- Setja betur fram í námsvísu og bekkjarnámskrám hvernig á að vinna með sérstakar áherslur skólans, svo sem útinám.
- Bæta þarf nýtingu námstímans í kennslustundum.
- Samræma betur hvernig markmið og áætlanir nemenda eru settar fram.
- Ræða markmið náms og kennslu við nemendur og tengja áætlanir um nám hæfnimarkmiðum námskrár.
- Gera námsaðlögun sýnilega í námsvísu og huga að tengslum áætlana við mat á stöðu nemenda.
- Gera námsaðstæður nemenda þannig að enn frekar reyni á samstarf og samræður um námið.
- Efla þátttöku nemenda í skipulagi, framkvæmd og mati á námi.
- Gera þarf nemendum grein fyrir niðurstöðum kannana sem þeir taka þátt í um skólastarf og til hvers þær leiða.
- Sjá til þess að nemendafulltrúar í skólaráði séu boðaðir á alla fundi og styrkja þá við að miðla upplýsingum til sinna umbjóðenda.
- Kynna fyrir nemendum skráð verklar um aðkomu þeirra að ráðum og nefndum.

Ytra mat

Styrkleikar

- Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan þátt í skólastarfinu.
- Sjálfsmatsskýrsla liðins árs er til staðar.
- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli.
- Mat á námi nemenda og framförum fer fram reglulega.
- Niðurstöður innra mats eru markvisst kynntar fyrir starfsmönnum og foreldrum.
- Umbótaáætlun er til staðar og umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.

Tækifæri til umbóta

- Útbúa langtímaáætlun fyrir innra mat og birta.
- Gera þarf betur grein fyrir þeim gögnum sem aflað er til innra mats fyrir utan Skólapúls.
- Skilgreina frekar hvaða viðmið um árangur skólinn stefnir að, s.s. tengt sérstöðu skólans og námsárangri.
- Finna leiðir til að meta reglulega sérstöðu skólans.
- Virkja betur skólaráðið við ákvarðanatöku um innra mat.
- Nýta formlegt mat á kennslu og kennsluháttum, setja skýr viðmið og gera hagsmunaaðilum þau ljós.
- Gera grein fyrir hvernig markmið skólans verða metin og setja viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Kynna niðurstöður kannana og innra mats fyrir nemendum.

Spjaldtölvunotkun

Styrkleikar

- Upplýsingatækni er eðlilegur þáttur í námi nemenda, einkum á unglíngastigi.
- Með spjaldtölvum er auðveldara að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.
- Nemendur nýta rými skólans víðar en í skólastofum til náms.
- Nemendur telja spjaldtölvunotkun bæta skipulag við nám.
- Stjórnendur eru virkir í innleiðingu spjaldtölva og leggja áherslu á breytta kennsluhætti.
- Meira er um leiðbeinandi kennsluhættir en í öðrum skólum sem metnir hafa verið.
- Foreldrum er kynnt markmið og tilgangur spjaldtölvunotkunar í skólastarfi.
- Vel gengur að leysa tæknileg vandamál ef upp koma.

Tækifæri til umbóta

- Vinna sáttmála um notkun snjalltækja í skólanum í samvinnu við nemendur.
- Vinna með nemendum og foreldrum að reglum eða tilmælum um notkun á tækjunum heima fyrir.
- Efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti með notkun upplýsingatækni.
- Gera betur grein fyrir hvernig tæknin er nýtt til að ná markmiðum náms, ekki bara setja fram nöfn á forritum sem nýta á.
- Bregðast þarf markvisst við þegar sýnt er að spjaldtölvunotkun til annars en náms getur náð tökum á nemendum sem ekki hafa góða sjálfstjórn.
- Efla samskipti og upplýsingar til foreldra um notkun spjaldtölvanna svo sem hvaða gögn og forrit verið er að nota í námi og kennslu og tilgangur og markmið spjaldtölvunotkunar heima.

Matsskýrslan hefur verið send skóla og sveitarstjórn/bæjarstjórn þar sem fram koma nánari niðurstöður ytra matsins. Skóli og sveitarstjórn vinna í framhaldi matsins áætlun um þær umbætur sem lagðar eru til og að því búnu verður skýrslan birt opinberlega með þeim viðbrögðum.

Með bestu kveðju,

Þóra Björk Jónsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir
Menntamálastofnun